

Tillaga til kosningar

Kæri starfsmaður,

Eftirfarandi tillaga hefur verið mynduð vegna vinnutímastyttingar heimaþjónustunnar í Grænumörk. Ef meirihluti starfsmanna er samþykktur tillögunni tekur hún taka gildi 1. janúar 2021, háð samþykki bæjarstjórnar. Starfsmenn á svokallaðri öryggisvakt falla ekki undir tillöguna enda nær vinnuskipulag þeirra ekki til útfærslu styttingu vinnutíma dagvinnufólks heldur vaktavinnufólks sem tekur gildi síðar eða 1. mars 2021.

Atkvæðagreiðslan verður opin frá **11.11.2020** til **13.11.2020**.

Tillagan sem lögð er fram tekur mið af því vinnufyrirkomulagi sem starfsmenn heimaþjónustunnar búa við í dag og miðar að því að bæta starfsumhverfið og létta álag.

Tillaga um vinnutímastytting dagvinnu-starfsmanna í heimaþjónustu

Frá og með 1. janúar næstkomandi styttist vinnudagur starfsmanna heimaþjónustunnar sem eru í dagvinnu, um 13 mínútur á dag miðað við 100% starfshlutfall, styttingin er hlutfallsleg miðað við starfshlutfall. Úttakan verður 1x í viku í lok dag á föstudögum (eða annan fyrirfram valinn dag fyrir þá starfsmenn sem vinna ekki á föstudögum), samtals 65 mínútur fyrir starfsmenn í fullu starfi.

Útfærsla á neysluhléum, veikindi og orlof

Tilhögun kaffitíma helst óbreytt. Í veikindum eða í orlofi starfsmanna fellur styttingin niður (ekki um ávinnslu að ræða líkt og gildir um rétt til orlofs).

Breytingar á vinnuskipulagi

Vinnuskipulag verður með þeim hætti að starfsmenn sinna léttari verkefnum eftir hádegi á föstudögum og geta því lokið vinnudegi sínum fyrr en ella.

Endurskoðun

Vinnutímanefnd leggur mat á árangri tillögunnar að 6 mánuðum liðnum, eða eigi síðar en 1. júní 2021.

Þú getur óskað eftir nánari upplýsingum varðandi tillöguna með því að hafa samband við aðila innan vinnutímanefndarinnar: Margrét Elísa, netfang: margret.elisa@arborg.is, Sonja Eyfjörð, netfang: sonjaes@arborg.is eða Konný Sóley, netfang: konny@arborg.is

Tillaga til kosningar

Kosning var gerð með handa uppréttingu á vinnustað og var meirihluti starfsmanna hlyntur þessari útfærslu, enda hafði hún verið rædd á vinnustaðnum og útfærð með öllum starfsmönnum.

OneCRM

Viðskiptavinur: Sveitarfélagið Árborg

Höfundur:

Signý Harpa
Hjartardóttir

Málsheiti: Kjaramál - vinnustytting hjá Árborg

Málsnúmer:

[2012144](#)